

1856. sem með þarf, og yrði þá um leið að skýra honum greinilega
19. maí. frá hvernig ástatt er á staðnum, um ásigkomulag sýkinnar og
hversu yfirgripsmikil hún sè, o. s. frv.

Um leið og stjórnarráðið fulltreystir því, að herra amtmað-
urinn muni veita þessu áriðanda málefni athygli og styðja það,
vonast það á sínum tíma að fá nákvæmari skýrslu um, hvað
gjört hefir verið að þessu og hvern árángur það hafi haft.

20. maí. **14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á
Íslandi um fæðingarhús á Vestmannaeyjum.**

Með bréfi 15. desember f. á. var herra stiptamtmaðurinn
beðinn að segja álit sitt um uppástúngu hins konúnglega heil-
brygðisráðs, og útdrátt af skýrslu héraðslæknis Davidsens fyrir
árið 1850, viðvíkjandi því, að aptur yrði farið að brúka fæðing-
arhús það á Vestmannaeyjum, sem á seinni tímum ekki hefir
verið notað, og að það eptir uppástúngu héraðslæknisins yrði
þannig aukið, að aðrir sjúklingar, en sængurkonur, einnig gætu
fengið þar viðtöku. Um leið og þér hafið sent álit landlækn-
isins Dr. med. Hjaltalíns um þetta efni, hafið þér einnig látið
meiðingu yðar í ljósi í bréfi 16. febrúar þ. á., og er hún eink-
anlega í því innifalin, að fæðingarhús þetta aptur eigi að koma
að notum, samkvæmt hinni upprunalegu tilætlun, og einkum þannig,
að það sè í hvers eins valdi að nota sèr stofnun þessa kaup-
laust, þar þér állítið að kostnaður sá, sem af henni rís, eigi að
jafnast niður á alla eyjabúa; þér hafið auk þessa fallízt á álit
landlæknisins um, að ekki sè næg ástæða, nú sem stendur, að
fallast á uppástúngu héraðslæknis Davidsens.

Það er herra stiptamtmanninum kunnugt, hversu miklu
hefir verið varið til að koma í veg fyrir hina hættulegu barna-
veiki, ginklofann, á Vestmannaeyjum, og munu yður heldur ekki
vera ókunnar hinar heppilegu afleiðingar tilrauna Dr. Schleisners.
Eptir burtför hans frá Íslandi lagaði stjórnarráðið með bréfum
sínum til stiptamtmanns á Íslandi 12. maí 1849 og 22. júní
1850 mál þetta að öllu samkvæmt uppástúngu hans, og studdi

stjórnin auk þessa mest megnis að því, að húsið var byggt. Í hinu síðarnefnda bréfi lét stjórnin í ljósi þá meiningu sína, að taka mundi mega fé það, sem þyrfti til þess framvegis að halda stofnuninni við, til meðala kaupa o.s. frv., sumpart af fútaekra-sjóðnum, sumpart með því að gjöra þeim hinum efnuðu að skyldu, að greiða fyrir konur þeirra og börn meðan í húsinu væri, og löksins með því að jafna niður á eyjarbúa, að svo miklu leyti þess gjörðist þörf.

1856.
20. maí.

Með þessum ráðstöfunum og með því árið 1853 að koma því til leiddar, að lækni var skipaður á Vestmannaeyjar, og var honum á hendur falin umsjón þessarar stofnunar, áleit stjórnarráðið, að það hefði að gjört það sem þurfti, til þess að tilgáningum með stofnaninni yrði náð; en hlutaðeigandi yfirvöld á Íslandi yrði sjálfsagt að sjá um það, sem nauðsynlegt væri til þess að fyrirætluninni yrði framgengt.

Stjórnarráðið hefir samt sem áður því miður orðið vart við, að svo lítur út, sem hlutaðeigendur hafi ekki sýnt þessu mikilvæga málefni þá athygli eða veitt því þá hjálp, sem það verðskuldar, því um hin seinustu 2 ár, og einkum síðan héraðslæknir sá, sem nú er, var skipaður þar, er engin skýrsla komin um framkvæmdir stofnunarinnar, en nú fyrst kemst maður að raun um, af hinni áður nefndu skýrslu til heilbrigðisráðsins, að stofnunin sé að öllu hætt starfa sínum, án þess maður verði þess var, að nokkur íslenskur embættismaður hafi gjört nokkuð til þess að koma í veg fyrir hryggilegar apturfarir stofnunarinnar.

Svo stofnun þessi framvegis í þessu tilliti geti verkað með meira afli álfur stjórnarráðið réttast, að sýslumaðurinn og presturinn (eða kanske fremur aðstoðarprestur sá sem nú er þar, B. Jónsson) á Vestmannaeyjum sé ásamt héraðslækninum þar tilkvaddir, sem forstöðumenn að sjá um þessa stofnun, en síðan yrði forstöðumenn þessir að vinna skjótt að því, að stofnunin aptur taki til verka, samkvæmt ráðum þeim, sem Dr. Schleisner lagði á og sem stjórnarráðið í áður nefndu bréfi 22. júní 1850 samþykkti. Stjórnarráðið væntir þar hjá, að forstöðunefndin muni verja áliti sínu til þess, með innilegum fortölum en án þess að beita kúgun, að koma innbúum eyjanna til að færa sér

1856.
20. maí. í nyt stofnun þessa, sem hefir svo góðan tilgáng; en til þess að gjöra mönnum hægra fyrir, hefir stjórnarráðið, samkvæmt athugasemdum héraðslæknisins og uppástúngum stiptamtmannsins, fallizt á, að enginn, og jafnvel ekki þeir sem efnaðir eru, greiði nokkra borgun fyrir að hagnýta sér fæðingarhúsið, og skal þá samkvæmt optnefndu bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. júní 1850 greiða kostnaðinn á þann hátt, að til þessa sé varið afganginum af tekjum fátækra sjóðsins á ári hverju, en því sem á kynni að breyta sé jafnað niður á eyjarbúa eptir niðurfjöfnun sýslumannsins, og sé hún samþykkt af stiptamtmanni. Loks verður stjórnarráðið að mælast til við yður, að taka fram við forstöðunefndina, að hún á ári hverju sendi stiptamtmanni, en hann aptur stjórninni, skýrslu læknisins um starfa og árángur stofnunarinnar á því ári, en eptirrit sendi hún landlækni.

Að endingu verður stjórnarráðið að geta þess, að viðvíkjandi uppástúngu héraðslæknisins um að rýmka stofnun þessa þannig, að aðrir sjúklíngar en sængurkonur einnig gætu fengið þar viðtöku, þá fellst stjórnarráðið á álit herra stiptamtmannsins og landlæknis Hjaltalíns um, að nú sem stendur sé ekki nægileg ástæða til að samþykkja nefnda uppástúngu.

23. maí. **15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um að setja landsyfírrættar dómara í undirdómara embætti.**

Með þóknanlegu bréfi herra stiptamtmannsins 26. febrúar þ. á. hafið þér látið álit yðar í ljósi um uppástúngu þáveranda yfirdómara í hinum íslenska landsyfírrætti, konferenzráds Þ. Sveinbjörnssonar, um að stjórnarráðið vildi úrskurða, að meðdómendur í landsyfírrættinum framvegis ekki mættu takast á hendur sem settir að gegna héraðsdómara störfum, að minnsta kosti ekki án þess að þeir fyrirfram komi sér saman um það við yfirdómarann eða án hans leyfis.

Eg læt því ekki hjá líða að skýra yður frá til þóknanlegrar vitundar, að eins og stjórnarráðið ekki finnur ástæðu til,